

Tillaga til þingsályktunar

um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragðsaðila.

Flm.: Eva Sjöfn Helgadóttir, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Eyjólfur Ármannsson, Gisli Rafn Ólafsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Halldóra Mogensen, Helga Vala Helgadóttir, Jakob Frímann Magnússon, Sigmar Guðmundsson, Tómas A. Tómasson, Wilhelm Wessman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót neyðargeðheilbrigðisteymi og tryggja því fjármögnum. Teymið skal skipað heilbrigðisstarfsfólk með sérþekkingu á sviði geðheilbrigðis, vímuefnavanda og skaðaminnkunar. Teyminu skal falið að sinna útköllum úr neyðarnúmerinu 112 í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á að einstaklingur eða einstaklingar á vettvangi striði við geðrænan vanda eða vímuefnavanda. Þá skal starfsfólk Neyðarlínunnar, sem og löggregla, fá viðeigandi fræðslu til að meta í störfum sínum hvort þörf sé á aðstoð frá heilbrigðisstarfsfólk í útköllum.

Greinargerð.

Undanfarið hefur umræða um geðheilbrigðismál orðið umfangsmeiri í samféluginu. Ákall hefur verið eftir auknu aðgengi að faglegri þjónustu, sérstaklega í alvarlegustu tilvikunum. Mikilvægt er að tryggja öryggi bæði notenda þjónustunnar og löggreglu með sérhæfðari aðstoð fyrir alla aðila. Því er mikilvægt að efla samstarf milli geðheilbrigðiskerfisins og lögreglunnar. Heilt yfir er líklegra að löggregla hafi afskipti af einstaklingum með geðrænan vanda eða vímuefnavanda heldur en heilbrigðisstarfsfólk. Þessir einstaklingar eru oft með fjölþættan vanda sem krefst aðkomu sérfróðra aðila.

Einstaklingar með geðrænan vanda eru ekki ofbeldisfyllri en gengur og gerist hjá öðrum í samféluginu. Þeir eru hins vegar 10 sinnum líklegrir til að verða fyrir ofbeldi. Þrátt fyrir það er löggregla oftar kölluð út en heilbrigðisstarfsfólk þegar upp koma tilvik vegna einstaklinga með geðrænan vanda, oft vegna vanþekkingar almennra borgara á ástandi þeirra. Lögregluna skortir jafnframt í mörgum tilvikum nauðsynlega sérþekkingu til að takast á við einstaklinga sem glíma við alvarlegan geðrænan vanda, svo sem einstaklinga með geðrofseinkenni. Í öðrum tilvikum getur aðkoma heilbrigðisstarfsfólk einnig verið nauðsynleg þótt ekki sé um eins alvarleg atvik að ræða. Rannsóknir sýna að með snemmtækri íhlutun heilbrigðisstarfsfólk er hægt að fyrirbyggja frekari afbrot eða skaða sem einstaklingar með geðrænan vanda hefðu getað valdið í framhaldinu ef þeir hefðu ekki fengið aðstoð. Eins er mikilvægt að aðgerðir löggreglu og annarra viðbragðsaðila orsaki ekki frekari áföll fyrir einstaklinginn sem á í hlut eða geri jafnvæl illt verra. Víða erlendis hafa sérstök neyðargeðheilbrigðisteymi gefið góða raun, bæði fyrir einstaklinga með geð- eða vímuefnavanda og lögregluna og samfélagið í heild. Það er mikilvægt að líta til ríkja sem hafa staðið sig vel og sýnt gott fordæmi á þessu sviði til þess að betrumbæta þjónustuna hérlandis.

Reynsla annarra ríkja.

Árið 1978 hóf lögreglan í Bresku Kólumbíu í Kanada samstarf við hjúkrunarfæðinga í útköllum er vörðuðu geðrænan vanda. Síðan þá hefur samstarf löggreglu og heilbrigðisstarfsfólks verið ein af grunnstoðum útkallsþjónustu í fylkinu. Frá árinu 1989 hefur verið starfandi svokallað almannaöryggisteymi í Eugene í Oregon-ríki Bandaríkjanna, sem gengur undir heitinu CAHOOTS. Teymið hefur verið fyrrmynd margra annarra sams konar teyma víðsvegar um Bandaríkin, t.d. STAR-verkefnisins í Denver í Colorado-ríki. Þegar teymið fær útkall vegna einstaklings með geðrænan vanda er sendur læknir og heilbrigðisstarfsmaður á geðheilbrigðissviði á vettvang. Verkefnin eru margvísleg, t.d. krísuíhlutun, velferðarathuganir, útköll vegna misnotkunar vímuefna, sjálfsmorðshættu o.fl. Ef útkallið varðar ofbeldisfullan einstakling er óskað eftir stuðningi frá löggreglu. Árið 2019 var aðeins kallað eftir löggreglu í 150 skiptum af 24.000. Talið er að almannaöryggisteymið í Eugene-borg spari skattgreiðendum 8,5 milljónir bandaríkjadalra á ári hverju með því að meðhöndlum atvik sem annars hefðu endað á borði löggreglu eða inni á sjúkrahúsum að óþörfu. Í Hamilton í Ontario-fylki í Kanada fækkaði handtökum um 70% eftir að sambærilegu aðgerðateyminum var komið á laggirnar árið 2013. Verkefnið gaf svo góða raun að síðan þá hefur verið komið á fót slíkum aðgerðateyminum í samstarfi við löggreglu í 90% löggreglum dæma Ontario-fylkis.

Í Svíþjóð hefur sérstakur geðheilbrigðissjúkrabíll verið rekinn frá árinu 2015. Bíllinn er mannaður af tveimur geðhjúkrunarfæðingum og einum sjúkrabílstjóra með sérþekkingu á fyrstu hjálp og krísstjórnun. Verkefninu var komið á fót í kjölfar ákalls um að fólk með geðrænan vanda fengi viðeigandi aðstoð í neyð, sem og frá löggreglu sem upplifði sig hjálpavana þar sem hana skorti þekkingu, bjálfun og tíma til að eiga við einstaklinga í þessari stöðu. Ef hætta er á að einstaklingurinn geti verið ofbeldisfullur er einnig kölluð til löggregla, en í langflestim tilvikum er íhlutunar hennar ekki þörf. Verkefnið hefur gefið góða raun, bæði er sjúklingum betur sinnt með faglegri þjónustu, en einnig er það léttir fyrir lögregluna að vita að hún geti kallað til sérfróða aðila ef þörf er á.

Þjálfun löggreglu og annarra viðbragðsaðila.

Neyðargeðheilbrigðisteymi leysir þó ekki eitt og sér allan vanda. Viðbragðsaðilar verða að búa yfir þekkingu til að meta hvort þörf er á að kalla út geðheilbrigðisteymi eða löggreglu, eða bæði. Lögreglan í Vancouver í Bresku Kólumbíu-fylki í Kanada bauð fyrst upp á námskeið til að þjálfa löggreglufólk í að meðhöndlum einstaklinga með geðrænan vanda árið 2002. Frá árinu 2018 hefur það verið skylda fyrir löggreglu sem starfar í framlínu. Löggreglum dæmi í Bandaríjunum hafa nýlega komið á fót verkferlum þar sem löggregla er í ríku samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn þegar kemur að útköllum vegna einstaklinga með geðrænan vanda. Heilbrigðisstarfsmenn og sálfræðingar veita löggreglufólkum þjálfun í krísuíhlutun svo að það geti metið hvort aðstæður krefjist aðkomu heilbrigðisstarfsfólks. Í Miami-Dade-sýslu í Flórida-ríki situr löggreglufólk 40 tíma námskeið undir handleiðslu sérfræðinga á geðheilbrigðissviði. Verkefnið hefur gefið góða raun. Tilefnislausum handtökum og skotarásum hefur fækkað því að löggreglufólkid hefur lært aðrar leiðir til að meðhöndlum slíkar aðstæður. Þá hefur aðgerðum löggreglu þar sem beita hefur þurft valdi snarfækkað.

Einnig er mikilvægt að starfsfólk Neyðarlínunnar hljóti viðhlítandi þjálfun og fræðslu í að meta hvort kalla skuli til löggreglu eða heilbrigðisstarfsfólk þegar þörf er á útkalli. Frá febrúar 2021 hafa þau sem hringt hafa í neyðarsíma Austin í Texas-ríki Bandaríkjanna getað valið hvort þau þiggi aðstoð löggreglu, slökkviliðs eða heilbrigðisstarfsfólks. Starfsfólk neyðarsímans hefur hlotið þjálfun til að meta erindið og framsendir það til viðeigandi viðbragðsaðila. Þar að auki hefur allt löggreglufólk í Austin hlotið þjálfun í krísuíhlutun, en í þeim til-

vikum þar sem grunur leikur á að einstaklingur á vettvangi eigi við alvarlegan geðrænan vanda að stríða sendir starfsfólk neyðarsímans einnig út heilbrigðisstarfsfólk með sérhæfingu á geðheilbrigðissviði.

Betra samfélag með bættri þekkingu.

Þar sem almannaöryggisteymi eða sambærileg teymi með geðheilbrigðisstarfsfólki hafa unnið hefur dregið úr aðkomu löggreglu og þar með handtökum og valdbeitingu. Þegar þessir hópar vinna vel saman, bæði á vettvangi og á bak við tjöldin í krísuíhlutunarþjálfun, hefur það sýnt sig erlendis að fólk með geðsjúkdóma á auðveldara með að fá geðheilbrigðisþjónustu, löggreglan upplifir færri áföll og minni streitu og geðheilbrigðisstarfsmenn hafa tækifæri til að hafa enn meiri áhrif í samféluginu. Skjólstæðingar teymanna eru líklegri til að fá þá hjálp sem þeir þurfa og löggreglufólk upplifir meira öryggi í starfi þar sem það veit betur hvernig á að bregðast við í aðstæðum sem þessum. Fyrstu gögn hafa sýnt að þessi teymi stuðla að heilbrigðari samfélögum sem eru öruggari og fjárhagslega stöðugri.

Flutningsfólk þessarar tillögu leggur því eindregið til að ráðherrar hefjist handa við að betrumbæta þjónustu viðbragðsaðila við einstaklinga með geðrænan vanda og/eða vímuefnavaðna.